

**Fundargerð 139. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Fundur haldinn að Geirsgötu 9, þriðjudaginn 12. september 2017, kl. 10:00.

Viðstaddir: Halldór Eiríksson formaður, Anna G. Sverrisdóttir og Halldór Halldórsson.

Fjarverandi: Steinunn Fjóla Sigurðardóttir

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir og Hjörleifur Finnsson.

**Dagskrá:**

- 1) Áherslur ráðherra.  
Þann 11. september 2017 barst Ferðamálastofu og stjórn FF tölvubréf frá ráðuneytinu þar sem greint er frá áherslum ráðherra fyrir næstu úthlutun úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða;  
*„Við auglýsingu um styrkumsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða fyrir úthlutun ársins 2018 leggur ráðherra áherslu á styrkumsóknir sem miða að því að fjölga viðkomustöðum ferðamanna til að draga úr álagi á fjölsóttu ferðamannastaði“.*
- 2) Gæðamatsblað og stigagjöf gæðamats.  
Halldór formaður fór yfir hugmyndir varðandi nýja stigagjöf og áherslur ráðherra (samanber 1.), sem reifaðar voru í tölvupóstsamskiptum fyrir fund. Farið var yfir tillögur að nýjum gæðamatsblöðum og viðmiðum þeirra. Stjórn skoðar og metur fyrir næsta fund.
- 3) Önnur mál:
  - a) Auglýsing fyrir næsta umsóknarferli. Auglýsing frá því í fyrra verður send á stjórn og hún uppfærð miðað við nýjar áherslur ráðherra.


Næsti fundur

20. september kl. 14:30

Fundi slitið kl. 11:20

Fundargerð ritaði: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir, sérfræðingur Ferðamálastofu.

Undirskriftir stjórnarmanna



Anna G. Sverrisdóttir  
Halldór Halldórsson